

**From:** [Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is](mailto:Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is)  
**To:** [Guðný Bára Jónsdóttir; eirikur.bui.halldorsson@reykjavik.is](mailto:Guðný Bára Jónsdóttir; eirikur.bui.halldorsson@reykjavik.is)  
**Subject:** Tilkynning um útgáfu starfsleyfis fyrir Íslenska gámafélagið  
**Date:** Wednesday, May 31, 2023 9:30:30 AM

---

Tilvísun í mál: 2023030189

Góðan daginn.

Bið um að eftirfarandi sé á framfæri við íbúaráð Kjalarness.

Umsókn Íslenska gámafélagsins um endurnýjun starfsleyfis fyrir starfsemi fyrirtækisins að Kalksléttu 1 var lögð fyrir 1702 afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 16. maí s.l. Afgreiðsla fundarins var eftirfarandi.

Lögð fram umsókn Íslenska gámafélagsins, kt. 470596-2289, dags. 3. apríl 2023, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang, flutning úrgangs og flutning spilliefna (Íslenska gámafélagið) að Kalksléttu 1, F2507399. Breyting á starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og starfsleyfisskilyrðum fyrir Íslenska Gámafélagið ehf., kt. 470596-2289, fyrir starfsemi móttökustöðvar fyrir úrgang að Kalksléttu 1, flutning á úrgangi og flutning á spilliefnum.

Starfsleyfi, starfsleyfisskilyrði og greinargerð um útgáfu starfsleyfis eru aðgengileg á vefsvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur <https://reykjavik.is/utgefin-starfsleyfi-fyrir-mengandi-starfsemi> einfalt að raða fyrirtækjum í starfrófsröð með því að klikka á hausinn á dálkinum nafn fyrirtækis. Í greinargerðinni er gerð grein fyrir málsmeðferðinni, fjallað um innsendar athugasemdir við tillögu að starfsleyfi og ákvæði um kæruehimildir og kærufrest.

Ein athugasemd barst á auglýsingatíma og var hún frá íbúaráði Kjalarness. Athugasemdin og svar HER fer hér á eftir, sjá einnig greinargerð um útgáfu starfsleyfis.

### **Fundur íbúaráðs Kjalarness 19. apríl 2023: Umsögn íbúaráðs Kjalarness, dags. 19. apríl 2023 um tillögu að nýju starfsleyfi fyrir starfsemi Íslenska gámafélagsins að Kalksléttu 1**

Íbúaráðið vill koma á framfæri því ófremdarástandi sem hefur skapast á Esjumelasvæðinu í heild sinni. Mikið magn af úrgangi og rusli hefur safnast saman á svæðinu. Gerð er sú athugasemd við nýju starfsleyfi Íslenska Gámafélagsins að mikil þörf er á mótvægisáðgerðum gegn því að rusl fjúki frá svæðinu nú þegar. Íbúar hafa áhyggjur af þeirri lyktar- og hávaðamengun sem kann að hljóta af og þá sérstaklega yfir sumartímann.

#### **Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.**

Heilbrigðiseftirlitið bendir á að í kafla 4 í starfsleyfisskilyrðum er fjallað um umgengni og ásýnd lóðarinnar. Rekstraraðili ber ábyrgð á því að halda lóð sinni ásættanlegri og tryggja að umgengni sé góð. Frá því rekstraraðili hóf starfsemi árið 2021 hefur Heilbrigðiseftirlitnu ekki borist kvörtun um að rusl sé að berast frá lóðinni né að hávaði sé að valda ónæði. Það útilokar þó ekki að það eigi sér stað. Tekið er undir ábendingu íbúaráðsins um að umgengni á Esjumelasvæðinu í heild sé ábótavant. Heilbrigðiseftirlitið hefur ekki getað sinnt svæðinu sem skyldi vegna forgangs annarra verkefna og manneklu.

Með kveðju,

Guðjón Ingi Eggertsson, heilbrigðisfulltrúi  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfiseftirlit

---

Borgartún 12, 105 Reykjavík  
s: 411 1111, t-póstur: [gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is](mailto:gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is)  
Vefslóð: [heilbrigdiseftirlit.reykjavik.is](http://heilbrigdiseftirlit.reykjavik.is)

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>